

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á ráðstefnu um fötlunarrannsóknir, *Daglega lífið: Fötlun, fjölskyldur og sjálfræði*. Haldin á Grand Hótel Reykjavík 11. nóvember**

Góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að ávarpa þessa ráðstefnu um fötlunarrannsóknir sem ber yfirskriftina *Daglega lífið: Fötlun, fjölskyldur og sjálfræði*.

Ég vil byrja á því að að þakka aðstandendum ráðstefnunnar, Félagi um fötlunarrannsóknir og Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, fyrir framtakið, en eins og sjá má á dagskrá ráðstefnunnar, verða flutt hér í dag fjölmörg fróðleg erindi um margvíslega þætti fötlunarrannsókna.

Mig langar til að nota þessar mínútur hér í upphafi ráðstefnunnar til að segja nokkur orð um tilurð og þróun fötlunarfræði sem fræðigreinir við Háskóla Íslands, en eins og kunnugt er, þá er fötlunarfræðin enn fremur ung grein, bæði hér á landi og alþjóðlega.

Námsbraut í fötlunarfræði við Háskóla Íslands var formlega stofnuð árið 2004. Tveimur árum síðar voru Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og Félag um fötlunarrannsóknir stofnuð og eru því 10 ára í ár.

Fötlunarfræði er þverfræðileg grein af sama meiði og önnur fræði um minnihlutahópa, s.s. kynjafræði, hinsegin fræði og fræði um þjóðernisminnihluta. Fötlunarfræði er yngst þessara greina sem allar eiga það sameiginlegt að beinast að sviðum sem vart voru talin til alvöru fræðigreina fyrr en á allra síðustu áratugum. Sem þverfagleg fræðigrein á hún í öflugum samstarfi við aðrar greinar af hinum ýmsu deildum og sviðum háskólans.

Fötlunarfræði á bæði pólitískar og fræðilegar rætur. Pólitísku ræturnar liggja í baráttu ýmissa minnihlutahópa fyrir jafnrétti og borgaralegum réttindum, en fræðilegu ræturnar í greiningu félagsvísindafólks á aðbúnaði og aðstæðum fatlaðra.

Fötlunarfræðin beinir sjónum að samspili einstaklings og umhverfis og leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum breytingum, afhjúpa fötlunarmisrétti og tengsl þess við annars konar misrétti og rannsaka hvernig starf og stefna hefur raunveruleg áhrif á líf fatlaðs fólks.

Með tilkomu fötlunarfræðinnar og baráttu fatlaðs fólks hefur farið fram mikilvæg endurskoðun á þessum skilningi þar sem í vaxandi mæli er lögð áhersla á fötlun sem hluta af fjölbreytileika mannlífsins, ekki sem sjúklegt ástand, heldur sem félagslega og menningarlega mótað og magslungið fyrirbæri sem tengist öllum þáttum mannglegrar tilveru.

Með tilkomu fötlunarfræða og kröfunni um að fötlun sé skilin í víðu samhengi – pólitískt, félagslega, efnahagslega og menningarlega – hefur umræðan um málefni fatlaðs fólks færst á annað stig og orðið til að breyta sýn fólks á það hvers eðlis þau vandamál sem tengjast fötlun eru í raun og veru.

Segja má að þetta sé dæmigert fyrir fræðilega nálgun – að eftir því sem við vitum meira um viðgangsefnið, þeim mun betur gerum við okkur grein fyrir því hvað við vitum í raun lítið: Fyrir nokkrum árum vissu allir hvað fötlun var en nú veit það enginn lengur!

Innan fötlunarfræðinnar er rekið öflugt fræðastarf og þar er mikil gróska í rannsóknum og doktorsnámi. Greinin hefur aflað hárra rannsóknarstyrkja og á í miklu alþjóðlegu samstarfi, m.a. við fjölmarga háskóla í Evrópu, Norður-Ameríku og Ástralíu.

Innan Rannsóknaseturs í fötlunarfræði er unnið að fræðilegum rannsóknum sem og þjónusturannsóknum fyrir ráðuneyti og samtök fatlaðs fólks. Mörg þessara verkefna eru unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Dr. Tom Shakespeare, sem leiðandi fræðimaður alþjóðlega og þekktur baráttumaður fyrir réttindum fatlaðs fólks, hefur stutt þróun fötlunarfræða við Háskóla Íslands frá upphafi. Hann er einn af höfundum merkrar skýrslu um fötlun, *World report on disability*, sem kom út árið 2011 og er fyrsta heildarskýrslan um

stöðu fatlaðs fólks í alþjóðlegu samhengi. Dr. Shakespeare var gerður að heiðursdoktor í fötlunarfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands árið 2012.

Þess má geta hér að fötlunarfræðin hefur verið meira en fræðigrein innan Háskóla Íslands. Þannig hefur greinin tekið virkan þátt í að efla Háskóla Íslands sem háskóla fyrir alla og stuðlað þannig að því að fatlaðir nemendur geti sótt nám til jafns við aðra. Þetta endurspeglast m.a. í því að fötlunarfræðin hefur komið að mótun stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun, reglum um sérúrræði og jafnréttisstefnu skólans. Ég treysti því að þessu merka og farsæla starfi verði haldið áfram, enda er það eitt af þremur megingildum í nýrri heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021 að jafnrétti sé “leiðarljós í starfi skólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu”.

Góðir gestir, ég vil ljúka máli mínu á því að endurtaka þakkir mínar til aðstandenda þessarar ráðstefnu og láta í ljósi óskar mínar um að við munum öll hafa af henni gagn og vonandi líka gaman.

Takk fyrir.